

Þátttökuaðlögun

Aðlögunartíminn eru þrjú dagar og byggir aðlögunin á fullri þátttöku foreldrar í leikskólastarfinu þá daga sem hún á sér stað. Foreldrar eru inn á deild með börnunum allan tímann, eru til staðar og taka þátt í leikskóla starfinu með barninu sínu. Fyrstu tvo dagana leggja foreldrar börnin til svefns en þriðja daginn sjá kennarar um hvíldarstundina.

Dagur 1 – Barn og foreldri mæta kl. 09:00 og eru til 12:00

Dagur 2 – Barn og foreldri mæta á tilsettum vistundartíma og eru þangað til hvíldinn er búin.

Dagur 3 – Barn og foreldri mæta á tilsettum vistundartíma og eru til 15:00

Dagur 4 – Barn mætir á tilsettum vistundartíma og foreldri kveður barnið fljótlega eftir að komið er í leikskólann og barnið er sótt eftir svefn. Kennarar á deildinni hringja og láta vita þegar barnið er vaknað.

Dagur 5 – Barnið mætir á tilsettum vistunartíma og er sinn vistunartíma. Foreldrar eru beðnir um að vera tilbúnir ef starfsfólk hringir í þau.

Gott er að hafa í huga að aðlögun getur tekið lengri tíma en hér er tekið fram.

- Foreldrar þurfa að koma með útifatnað fyrir sig sjálf til þess að geta tekið þátt í daglegu starfi.
- Vinsamlegast gætið þagmælsku og trúnaðar varðandi það sem þið sjáið og heyrið í leikskólanum.
- Við viljum gjarnan fá ljósmyndir af því fólki sem umgengst barnið mest. Foreldrar, systkini, gæludýr, ömmur, afar og ef það eru frænkur og frændur í nánasta umhverfi. Munið að láta fylgja með nöfn á viðkomandi. Það má koma með út prentaðar myndir eða senda á netfangið: seabol@snb.is
- Kennarar búa til myndaalbúm með myndum. Hlutverk myndanna er að veita huggun og þær gefa einnig gott tækifæri til þess að efla orðaforða barnsins.